

Dags eftirlits	11.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Ari Elísson	Staðsetning	356850,845 409700,409

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram vegna mælingu í gufueyndurnýtingarbúnaði.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey, Reykjavík. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 8.200 m<sup>3</sup> af olíu og allt að 9.100 m<sup>3</sup> af bensíni í geymum félagsins. Einnig er heimil móttaka, hreinsun og endursala á úrgangsolíu.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang og breytingar á rekstri
- Frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna, öryggisblöð
- Skráningar og þjálfun starfsfólks, verklagsreglur og skráning geyma og lagna
- Kynning á meðfylgjandi viðhengjum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í síðasta eftirliti árið 2021 og engri ábendingu var komið á framfæri til rekstraraðila. Endurskoðun starfsleyfisins fór fram árið 2021 þar sem bætt var við heimild til hreinsunar og endurnýtingar úrgangsolíu ásamt heimild til dreifingar á markaði innanlands.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og engar breytingar fyrirhugaðar hvað varðar grunnferli stöðvarinnar.

Farið var yfir skráningar í rekstrarhandbók sem og önnur skjöl sem þar voru og ekki gerðar athugasemdir þar um. Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 gildir til ársins 2023. Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók sem og útprentað í rekstrarhandbók sem aðgengleg er í stöðinni. Áætlanir eru rýndar miðlægt með reglulegum hætti. Teikning af stöðinni, flæðirit og viðbragðsáætlun var sýnilegt upp á vegg í starfsstöð.

Allir olíugeymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum, alls 19 geymar. Geymar merktir T0110 (101.02.00), T0108 (101.13.00) voru þykktarmældir nú í ár og sendir rekstraraðili skýrslur því til staðfestingar til eftirlitsaðila á næstu dögum. Á næsta ári skal þykktarmæla geymi T0171 (101.04.00) og geymi T0170 (101.01.00) árið 2024. Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal þykktarmæla alla geyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar lagnir á 5 ára fresti. Tólf löndunar- og afgreiðslulagnir eru í stöðinni og voru

þær allar prófaðar árið 2018. Þær skulu því þrýstiprófaðar aftur nú í ár.

Undantöppun geyma fer nú öll í efnabamba og þaðan aftur yfir í olfugeymi eftir fellingu, engin undantöppun fer í olfuskilju eins og áður var.

Olíuskiljur stöðvarinnar eru sameiginlegar með Skeljungi og sjá þeir um þjónustu þeirra og hreinsun. Fimm olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna ásamt tveimur milliskiljum, allar endaskiljurnar eru með sjálfvirkum skynjurum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir að meðaltali á 3ja mánaða fresti. Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi og eru þær skoðaðar, yfirfarnar og þrífarnar eftir þörfum. Allar skiljur voru hreinsaðar í október sl. og sá Hreinsitækni ehf. um þá hreinsun.

Bensín er geymt í stöðinni og samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, skal minnka árlegt heildartap á bensíni við áfyllingu og geymslu þess í geymum á birgðastöðvum. Gufuendurnýtingabúnaður er í stöðinni og skal skv. gr. 2.1 í starfsleyfi, meðalstyrkur bensíngufu í útblæstri hans ekki fara yfir  $35 \text{ g/Nm}^3$  á klst. Búnaðurinn var þjónustaður og mæling gerð daganna 9.-10. september 2021 Skv. skýrslu úttektaraðila þá voru mistök gerð í mælingunni og er því sett fram ábending hvað það varðar. Von er á aðilum til mælinga um næstu mánaðarmót, verður ný mæling framkvæmd og niðurstöður hennar sendar í framhaldinu til eftirlitsaðila.

Olíublautur úrgangur og aska vegna úrgangsolúmeðhöndlunar er sóttur af Íslenska gámafélaginu en annar úrgangur er flokkaður og sóttur af sorphirðu sveitarfélagsins. Verkferli, sem tryggir að ekki myndist ólykt megná meðhöndlunar úrgangsolíu eins og krafa er um í gr 2.11 í starfsleyfi er fylgt við vinnslu úrgangsolíunnar. Er hann vistaður í rafrænni gæðahandbók rekstraraðila.

#### ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram er varðar mælingu á gufuendurnýtingarbúnaði (VRU) stöðvarinnar. Mæling var framkvæmd í september 2021 en vegna mistaka í keyrslu mælingarinnar var niðurstaða hennar ekki marktæk. Mælingin sýndi gildi upp á  $46 \text{ gr/Nm}^3$  fyrir meðaltals gildi á klukkustund en mörk starfsleyfis eru  $35 \text{ gr/Nm}^3$ . Útskýringar mæliaðila (Luveba s.a.) eru teknar gildar en skv. þeim var meðalgildið yfir heildina minna en  $2 \text{ gr/Nm}^3$  að frádregnum þeim toppum sem komu v. mistaka í mælingunni. Skal rekstraraðili endurtaka mælinguna svo fljótt sem auðið er.

#### ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir og er rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Engin stór mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti en gufuendurnýtingarbúnaðurinn hefur í tvígang bilað en verið kominn aftur í gang innan nokkurra klst. frá bilun. Rekstraraðili óskar efir því við Umhverfisstofnun að gefnar verði leiðbeiningar um það hvernig rekstraraðili skuli vinna með inndælingu úr bensínskipum, komi til þess að gufuendurnýtingarbúnaðurinn bili þegar skip kemur að landi.

Rekstraraðili er minntur á að sækja tímalega um nýtt starfsleyfi en núverandi starfsleyfi gildir til 31. janúar 2024. Vinnslutími starfsleyfa er að jafnaði 6-8 mánuðir.

Viðstaddir eftirlitið voru einnig Helgi Árnason og Þorkell Árnason frá Olíudreifingu.

Reykjavík, 12.12.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Arnadóttir